AUGLÝSING

um breytingu á flugreglum, sbr. auglýsingu nr. 99 10. febrúar 1987, með síðari breytingum.

Vegna breytinga á viðbæti nr. 2 við stofnskrá Alþjóðaflugmálastofnunarinnar (ICAO Annex 2 "Rules of the air"), eru hér með gerðar breytingar á flugreglum samkvæmt 5. og 89. gr. laga um loftferðir nr. 34/1964, og birtar voru sem fylgiskjal með auglýsingu nr. 99 10. febrúar 1987 um setningu flugreglna.

Umrædd breyting tekur þegar gildi.

Samgönguráðuneytið, 30. júlí 1990.

Steingrímur J. Sigfússon.

Halldór S. Kristjánsson.

Fylgiskjal.

Breyting á flugreglum.

1. gr.

Grein 4.1 orðist svo:

Allt sjónflug skal háð þeim skilyrðum um skyggni og fjarlægð frá skýjum sem jöfn eru eða strangari en um getur í eftirfarandi töflu. Hlutaðeigandi flugstjórnardeild getur þó veitt sérstaka undanþágu fyrir sjónflug innan flugstjórnarsviðs.

	Innan flugstjórnarrýmis		Utan flugstjórnarrýmis	
	ofar en	í eða neðar en	ofar en	í eða neðar en
	eftirfarandi hæðir: 3000 fet (900 m) fyrir ofan meðalsjávarmál eða 1000 fet (300 m) fyrir ofan jörð, hvort sem er hærra.*			
Flugskyggni	8 km	8 km (5 km**)	8 km	5 km***
Fjarlægð frá skýjum:				
a) lárétt	1.5 km	1.5 km	1.5 km	Laus við ský og sér til jarðar
b) lórétt	1000 fet (300 m)	1000 fet (300 m)	1000 fet (300 m)	

* Nema hærri mörk séu ákveðin á grundvelli alþjóðlegs, svæðisbundins loftferðasamkomulags eða af hlutaðeigandi ATS-stjórnvaldi.

** Þegar hlutaðeigandi ATS-stjórnvald ákveður.

*** Þyrlum er þó heimilt að fljúga hér við lélegra skyggni en 5 km ef flogið er svo hægt að nægur tími gefist til að fylgjast með annarri umferð eða hindrunum þannig að árekstri verði afstýrt.

2. gr.

Grein 4.4 orðist svo:

Ekki má fljúga sjónflug, nema nauðsynlegt sé við flugtök og lendingar, eða með sérstöku leyfi hlutaðeigandi stjórnvalds:

a) yfir þéttbýlum hlutum borga, bæja eða þorpa eða yfir útisamkomum í minni hæð en 1000 fet (300 m) yfir hæstu hindrun innan 600 m fjarlægðar frá loftfarinu,
b) annars staðar en getið er í a) lið þessarar greinar, í minni hæð en 500 fet (150 m) yfir láði eða legi.

Lágmarksskýjahæð til flugtaks frá flugvöllum utan flugstjórnarsviða, skal vera 700 fet.

3. gr.

Grein 4.5 orðist svo:

Ef um er að ræða sjónflug í láréttu farflugi ofar en 3000 fet (900 m) yfir láði eða legi eða hærra ef hlutaðeigandi ATS-stjórnvald mælir svo fyrir, og með þeim undantekningum, sem um getur í 4.5.1. skal flogið í farflugslagi sem á við feril þess og sýnt er í töflu yfir farflugslög í viðauka C.

Þegar flogið er í 7000 fetum eða neðar skal flogið á loftþrýstingi miðað við meðalsjávarmál (QNH). Þar fyrir ofan skal flogið farflugslagi á 1013.2 hPa (29.92 ins).

Nr. 333 31. júlí 1990

REGLUGERÐ

um hækkun bóta almannatrygginga

1. gr.

Á upphæðir tekjutryggingar, heimilisuppbótar og sérstakrar heimilisuppbótar eins og þær eru í júlímánuði 1990 samkvæmt 19. gr. laga um almannatryggingar skal greiða sérstakan 15% tekjutryggingarauka í ágúst 1990.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 79. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar með síðari breytingum og öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 31. júlí 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.

Nr. 334 1. ágúst 1990

REGLUGERÐ

um (2.) breytingu á heilbrigðisreglugerð nr. 149/1990.

1. gr.

Grein 12.2.1 hljóði svo:

Ekki má hleypa hundum, köttum eða öðrum dýrum inn í húsakynni þau, sem um ræðir í III. - V., VIII. og X. - XVII. kafla.

2. gr.

Reglugerð þessi sem sett er með stoð í 2. gr. laga nr. 81/1988 um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast þegar gildi.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 1. ágúst 1990.

Guðmundur Bjarnason.

Dögg Pálsdóttir.